

Fundargerð 25. fundar skráningarráðs Gegnis þriðjudaginn 13. júní 2006

Haldinn hjá Landskerfi bókasafna, Borgartúni 37, kl. 14-16

Fundarmenn: Fanney Sigurgeirsdóttir, Guðný Ragnarsdóttir (fundarritari), Hulda Ásgrímsdóttir, Þóra Sigurbjörnsdóttir (formaður) og Þórdís T. Þórarinsdóttir.

Auk þess sátu fundinn Hildur Gunnlaugsdóttir ritstjóri Gegnis, Ragna Steinarsdóttir, ritstjóri efnisorða og Sigrún Hauksdóttir sérfræðingur hjá Landskerfi bókasafna.

1. **Fundargerð síðasta fundar lögð fram.** ÞTP gerði athugasemd við 3 lið. FS ætlar að ath. hvort rétt útgáfa af fundargerð hefur verið lögð fyrir fundinn og leiðrétt. Rætt var um það sem hefur verið gert síðan á síðasta fundi. HG gerði grein fyrir því að hópamyndun skásetjara væri enn ólokið. SH leggur til að ábyrgðarmenn skráningar verði meðal þeirra fyrstu sem fari á námskeið eftir að útgáfa 16 af Gegni hefur verið sett upp.
2. **Lágmarkskóðun við skráningu í Gegni.** HG kynnti breytingar á skjali um lágmarkskóðun í Gegni. HG fær leyfi til að búa til efnisyfirlit til viðbótar. Engar athugasemdir voru gerðar og skjalið var samþykkt. Nýja skjalið verður sett á vef Landskerfis og það merkt sem endurskoðuð útgáfa með dagsetningu. HG telur enn að það ætti að sleppa kóðuninni e fyrir fullorðinsefni.
3. **856 sviðið.** FS kynnti breytingar á leiðbeiningum í 856 skjali. Breytingarnar voru samþykktar. FS sendir nýja útgáfu af skjalinu innan skamms. Að því loknu verður skjalið birt á vef Landskerfis.
4. **Skráning stofnana á rafrænu efni.** FS kynnti ábendingu um að það vanti reglur um hver eigi að fylgjast með því að rafrænn tengill sé settur inn í bókfræðifærslu, þegar efni er sett á vef eftir að rit hefur verið skráð í Gegni. Ekki eru allar stofnanir sem setja efni á vef aðilar að Gegni. Rætt var um umsjón með tenglum í tengslum við SFX. Samþykkt var að senda formlega fyrirspurn til landsbókavaráðar um málið. FS tekur það að sér.
5. **Staða mála hjá Landskerfi.** SH kynnti stöðu mála varðandi flutning safna í Gegni. 23 söfn ætla að flytja sín gögn í Gegni í næstu umferð. Þetta eru 11 sérfræði- og háskólasöfn, 6 framhaldsskólasöfn, 4 grunnskólasöfn og 1-2 almenningsbókasöfn. Þessi söfn hafa skráð í Metrabók og sérkerfi. Auk þessara safna vilja um 10 söfn koma inn í haust. SH lætur vita þegar hleðslur eru komnar svo hægt verði að skoða gögn, vonandi í þessari viku.
Rætt var um í hvaða svið ætti að flytja efnisorð þeirra safna sem koma inn í kerfið núna. Í prufugrunni hafa verið svið 650 4, 696 og 697 verið notuð fyrir efnisorð þessara safna. Efnisorð náttúrufræðisafna verða flutt í svið 696 en efnisorð Flugmálastjórnar og velferðasviðs Reykjavíkurborgar í svið 697. Efnisorðum samhljóða þeim sem fyrir eru í bókfræðifærslunum verður eytt. Framhaldsskólasöfnin hafa notað Kerfisbundinn efnisorðalykil (KE) en óvíst er hvernig sú notkun passar við þau efnisorð sem nú eru í 650 4. Notkun sviðs 650 4 við flutning efnisorða var rædd og fram kom gagnrýni á hvort rétt væri að nota það við flutning þar sem frá upphafi var talað um að þeim efnisorðum sem yrðu flutt yrði haldið aðskildum frá þeim efnisorðum sem fyrir eru í Gegni.
Vinna við 16. útgáfu gengur þokkalega. Tímaáætlun stenst. Útlán ganga þokkalega.

Það sem er erfiðast eru aðföng og tímarit, verkflæðið hefur breyst. Harpa vinnur í vefmálum. Notendaheimildirnar verða unnar eftir að kerfið verður tekið í notkun. SH ætlar að gera aðgerðaáætlun sem verður væntanlega send út í byrjun næstu viku.

6. **Frá efnisorðaráði.** ÞTP kynnti stöðu mála hjá efnisorðaráði. Ráðið hefur haldið 40 fundi alls, þar af 25 vinnufundi í vetur. Í vetur var lokið við að fara í gegnum skjalið með tilvísunum efnisorða úr Feng. Gerðar voru 406 færslur – breytingar á KE. Skjali með breytingum á KE og grein sem birtist í Fregnum í vor um stöðu mála var dreift á fundinum. Skjalið með breytingum á KE verður sett á vef Landskerfis. Efnisorðaráð leggur áherslu á að ekki sé boðlegt að þurfa að gá að efnisorðum á tveim stöðum og því er aðkallandi að setja KE inn í nýtt forrit, en hugað verður að því með haustinu Efnisorðaráð verður í fríi í sumar.
7. **Önnur mál.** HG sagði frá því að til stendur að halda alþjóðlega ráðstefnu um skráningarmál í febrúar 2007 hér á Íslandi. Tilefnið er ný útgáfa á skráningarreglum fyrir bókasöfn á árinu 2008. Barbara Tillett frá LC er leiðandi við gerð þeirra og á einnig sæti í bókfræðinefnd IFLA. Barbara hefur gefið kost á sér sem aðalfyrirlesara á ráðstefnunni. Málið er á undirbúningsstigi. Samstarfsaðilar verða m.a. Upplýsing og NFBN. Fyrsti undirbúningsfundur er á morgun, 14. júní. HG sagði frá því að 30 júní eru áætluð verklok á endurskoðun handbókar skrásetjara. Að lokum var lauslega rætt um vandamál varðandi röðun í Gegni og sortéringu deilisviða.

Fundi slitið um 15.40.